

# Náttúrustofa Norðausturlands



Ársskýrsla  
2008

# Náttúrustofa Norðausturlands

Náttúrustofa Norðausturlands starfar skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sbr. lög nr. 92/2002. Helstu hlutverk náttúrustofa eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verkswiði stofunnar skv. ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verkswiði stofunnar að beiðni sveitarfélags, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Náttúrustofa Norðausturlands er rekin af Húsavíkurbæ og Skútustaðahreppi með aðkomu ríkisins líkt og kveðið er á um í samningi milli sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytis. Náttúrustofan er staðsett á Húsavík, innan veggja þekkingarseturs Þingeyinga þar sem hún er í nánú samneyti við þekkingarsetrið, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Starfssvæði Náttúrustofunnar nær frá Ólafsfirði í vestri og austur á Langanes.

Stjórn Náttúrustofu Norðausturlands skipa Jón Helgi Björnsson, stjórnarformaður skipaður af Norðurþingi, Tryggvi Jóhannsson, skipaður af Norðurþingi og Margrét Hólm Valsdóttir, skipuð af Skútustaðahreppi.

Ágúst 2009

Þorkell Lindberg Þórarinsson

Myndir: Náttúrustofa Norðausturlands  
nema annað sé tekið fram

Forsíðumynd: NNA

Útgefandi: Náttúrustofa Norðausturlands

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Ágrip forstöðumanns	4
Starfsfólk	5
Fjárhagur	6
Vinnustaðurinn	7
Rannsóknaverkefni	9
Þjónustuverkefni	14
Fræðsla	17
Önnur verkefni	19
Samstarf	21
Rit	22
Erindi og veggspjöld	23



# Ágrip forstöðumanns


---

Starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands árið 2008 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Umfangið jókst þó nokkuð frá fyrra ári og hefur vöxtur stofunnar því verið samfelldur allt frá því hún hóf starfsemi árið 2003. Samhliða auknum umsvifum fjölgaði í starfslíði Náttúrustofunnar á árinu og voru því fjórir fastráðnir starfsmenn í árslok. Einnig flutti stofan í stærra og betra húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík. Þar deilir hún húsnæði með Þekkingarsetri Þingeyinga, Fræðasetri Háskóla Íslands á Húsavík og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, rétt eins og áður.

Verkefni voru að venju margvísleg en mest áberandi voru þó útseld þjónustuverkefni. Þau hafa aldrei verið eins umfangsmikil og fjölbreytt. Tvö skilgreind rannsóknaverkefni sem Náttúrustofan vinnur að eigin frumkvæði hófust á árinu en önnur voru framhald fyrri ára. Þá sinnti stofan að venju ýmsum öðrum verkefnum eins og fjallað er stuttlega um í eftirfarandi ársskýrslu.

Þó árið 2008 hafi verið Náttúrustofu Norðausturlands mjög gott rekstrarlega eru nú blikur á lofti vegna efnahagsþrenginga hér á landi. Náttúrustofur eru á ábyrgð sveitarfélaga en meginhluti rekstrarfjár þeirra kemur frá ríkinu. Því er líklegt að sparnaðaraðgerðir ríkisvaldsins komi að einhverju leyti niður á náttúrustofunum. Mikilvægt er þó að horft sé til sérstöðu náttúrustofa í þeirri umræðu og að þær sitji við sama borð og sambærilegar stofnanir ríkisins. Hafa ber í huga að náttúrustofurnar eru dæmi um vel heppnaða byggðaaðgerð. Þær starfa nú á sjö stöðum vítt og breitt um landið og hafa þar skapað tugi starfa fyrir háskólamenntað fólk. Þar veita þær byggðarlögum í nærumhverfi sínu margvíslega og mikilvæga þjónustu auk þess að sinna veigamiklu hlutverki í rannsóknum á náttúru Íslands og náttúruvernd.

Þekking er grundvöllur framfara og umhverfismál skipa sífellt stærri sess í nútímasamfélagi. Vonandi munu því náttúruvannsóknir og náttúruvernd fá aukið vægi í því samfélagi sem mun vinna sig út úr yfirstandandi þrengingum. Náttúrustofur eru mjög vel til þess fallnar að koma þar að málum í auknum mæli. Í þeim býr mikil staðbundin þekking auk þess sem þær eru vel í sveit settar til að sinna þessum málum á hagkvæman hátt.



---

Þorkell Lindberg Þórarinnsson  
forstöðumaður

Árið 2008 störfuðu 5 starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



*Þorkell Lindberg Þórarinnsson*, líffræðingur (M.Sc.) hefur starfað sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands frá því hún hóf starfsemi. Hann sér um daglegan rekstur, stjórnun og uppbyggingu stofunnar, m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því kom Þorkell að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar árið 2008.



*Sesselja Guðrún Sigurðardóttir*, líffræðingur (B.Sc.) vann að smádyrarannsóknnum auk ýmissa annarra verkefna.



*Aðalsteinn Örn Snæþórsson*, líffræðingur (B.Sc.) og kennari vann að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum þó fuglarannsóknnum og fræðslu.




*Sigprúður Stella Jóhannsdóttir*, líffræðingur (M.Sc.) hóf störf hjá Náttúrustofunni í ágúst 2008. Hún vann að gerð verndaráætlunar fyrir norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.




*Kristinn Ólafur Kristinsson*, líffræðingur (B.Sc.) og meistaranemi starfaði hjá Náttúrustofunni sumarið 2008. Hann vann að meistaraverkefni sínu “Göngumynstur og hrygningastaðir laxa í Laxá í Aðaldal”, jafnframt því sem hann kom að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar.



Price Waterhouse Coopers hefur séð um alla bókhaldsvinnu fyrir Náttúrustofuna, ásamt launagreiðslum, reikningskilum og endurskoðun. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar frá Price Waterhouse Coopers námu heildartekjur stofunnar 38,5 millj. kr fyrir árið 2008. Heildarrekstrarkostnaður var 32,3 millj. kr. Nánari upplýsingar um fjárhag stofunnar er að finna í ársreikningi hennar.



Hlutfallsleg skipting tekna Náttúrustofunnar árið 2008



Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar Náttúrustofunnar árið 2008



Horblaðka (*Menyanthes trifoliata*)

## Starfsmannahald

Þann 1. ágúst 2008 fjölgaði starfsmönnum Náttúrustofunnar úr þremur í fjóra þegar Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir hóf störf hjá stofunni. Stella er með B.Sc. gráðu í líffræði frá HÍ og M.Sc. gráðu í umhverfisstjórnunum frá University of Idaho. Hún hefur frá árinu 1994 verið þjóðgarðsvörður í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Hennar helsta verkefni hjá Náttúrustofunni er gerð verndaráætlunar fyrir norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.


Auk fjögurra fastráðinna starfsmanna náttúrustofunnar vann Björgvin Rúnar Leifsson að rannsóknum á fæðuvali straumanda á vetrarstöðvum ásamt rannsóknum á fjörlífi í nágrenni Bakka á Tjörnesi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs álvers. Þá tók Guðmundur Örn Benediktsson að sér fuglatengd verkefni fyrir stofuna, svo sem farfuglavöktun við Öxarfjörð og athugun á landnámi brandanda á Melrakkaslétu.



Nýtt húsnæði Náttúrustofunnar og samstarfsstofnanna

## Húsnæði

Frá því að Náttúrustofan var opnuð formlega árið 2004 hefur hún verið staðsett í húsnæði Landsbankans við Garðarsbraut á Húsavík. Í nóvember 2008 flutti stofan hins vegar ásamt Þekkingarsetri Þingeyinga, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Rannsókn- og fræðasetri Háskóla Íslands á Húsavík í nýtt húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík.



Óðinshani (*Phalaropus lobatus*)

(Mynd: Yann Kolbeinsson)



## Ökutæki

Í byrjun árs fjárfesti Náttúrustofan í nýrri bifreið af gerðinni Mitsubishi L-200, árgerð 2008. Leysti hún af hólmi eldri bifreið Náttúrustofunnar sömu gerðar sem hún hafði haft á rekstrarleigu frá árinu 2005.



Bíll Náttúrustofunnar



Flokkunarstöðin sem staðsett er á kaffistofu

## Umhverfisvænn vinnustaður

Náttúrustofan ásamt samstarfsstofnunum steig fyrstu skrefin í átt að því að verða umhverfisvænn vinnustaður á árinu. Innleidd var umhverfisáætlun sem hafði það meginmarkmið að vera raunhæf áætlun sem starfsmenn gætu auðveldlega farið eftir. Við innkaup er horft til þess að vörur beri opinbera umhverfisvottun, pappírnotkun haldið í lágmarki auk þess sem reynt er að endurnýta hann eins og kostur er. Allt sorp er flokkað og flutt til endurvinnslu í samvinnu við Gámaþjónustuna hf. og Sorpsamlag Þingeyinga. Öllum lífrænum úrgangi er safnað í moltutunnuna Ilmi.

## Hjólað í vinnuna

Starfsfólk Náttúrustofu, Þekkingarseturs, Heilbrigðis- eftirlits og Háskólastofu tók sameiginlega þátt í keppninni „Hjólað í vinnuna“ sem ÍSÍ stendur fyrir. Liðið fékk heitið Hjólastjarnan og keppti í flokki 10 til 29 starfsmanna. Alls voru 124 fyrirtæki eða stofnanir í þessum flokki og lenti Hjólastjarnan í fyrsta sæti fyrir fjölda þátttökudaga. Yfir heildina var Hjólastjarnan í 5. sæti af 428 fyrirtækjum. Þátttaka stofnananna í „Hjólað í vinnuna“ var hluti af umhverfisátaki þeirra.



Hjólastjarnan með verðlaunaskjöldinn



## Fiðrildavöktun

Vorið 2007 hófust rannsóknir Náttúrustofunnar á fiðrildum í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Ljósildru var komið fyrir í túnjaðri í Ási og hún tæmd vikulega fram á haust. Markmið verkefnisins er að fá upplýsingar um hvaða tegundir eru á svæðinu, á hvaða tíma þær fljúga og í hve miklu magni. Þá er gert ráð fyrir að rannsóknin verði endurtekin árlega til að fylgjast með stofnsveiflum. Fiðrildagildirur eru starfræktar víða á Suðurlandi yfir sama tímabil en sú í Ási er sú eina sem er utan Suðurlands.

Árið 2008 var gildran í Ási sett upp á ný og var afraksturinn 5804 fiðrildi af 22 tegundum sem er rúmlega tvöföldun frá árinu áður. Fjöldi tegunda árið 2007 var hins vegar 21. Birkifeti, garðygla, gulygla og dílamölur komu í gildruna árið 2008 en veiddust ekki árið 2007. Gammayglu, gráygla og flikruverfara vantaði hins vegar í veiðina 2008. Sú tegund sem var algengust árið 2008 var grasvefari, reyndist hann vera 43,9% af heildarfjölda veiddra fiðrilda. Árið 2007 var grasvefarinn hins vegar ekki nema 8% af fjöldanum það ár. Brandygla var langalgengasta yglutegundin eins og árið áður en alls veiddust 543 eintök (9,4%) af henni. Mun minna kom af öðrum tegundum.




Jarðygla

(mynd: Erling Ólafsson)



Fiðrildagildran í Ási



Fjöldi fiðrildategunda sem komu í ljógildruna í Ási í hverri viku árið 2008



## **Rjúpnarannsóknir**

Náttúrustofan hefur undanfarin ár stundað rannsóknir á rjúpum (*Lagopus muta*) í sífellt auknum mæli. Unnið hefur verið í nánu samstarfi við Ólaf K. Nielsen hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Meðal þess sem Náttúrustofan hefur komið að eru hefðbundnar vöktunarrannsóknir auk rannsókna á sjúkdómsvöldum í rjúpum. Árið 2008 vann Náttúrustofan auk þessa að tilraunaverkefni í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, sem laut að því að

radiómerkja rjúpur og fylgja þeim eftir fram á vetur. Tilgangurinn með þessu var að kanna hvort hægt væri að rannsaka haust- og vetrarafföll rjúpna á Norðausturlandi með þessum hætti. Að vori voru sett radiómerki á 7 karra og síðsumars á 6 hænur. Náttúrustofan sá um að fylgjast reglulega með rjúpunum fram á haust. Niðurstöður þessa tilraunaverkefnis sýndu að ekki þótti fýsilegt að reyna að fylgja þingeystum rjúpum eftir á þessum árstíma.



Rjúpa (*Lagopus muta*)

## **Sjófuglavöktun**

Náttúrustofan hefur undanfarin ár talið sjófugla í Skoruvíkurbjargi á Langanesi og í Skeglubjörgum sunnan Húsavíkur. Talið er tvisvar sinnum yfir sumarið en talningarnar eru líður í vöktun viðkomandi tegunda á landsvísu. Fyrri talningin fer fram um mánaðarmót júní-júlí og sú seinni um mánaðarmót júlí-ágúst. Í síðari talningunni er varpafkoma ritu könnuð. Talningarnar eru unnar í samstarfi við dr. Arnþór Garðarsson, prófessor hjá Líffræðistofnun Háskólans. Auk þessara hefðbundnu talninga voru svartfuglar einnig taldir á Rauðanúpi sumarið 2008.



Starfsmenn NNA að störfum í Skoruvík

## Smádýralíf í hálandistjörnum

Undanfarin ár hefur Náttúrustofan tekið þátt í rannsóknum á smádýralífi í hálandistjörnum. Alls hefur gögnum verið safnað á fimm hálandissvæðum; á Austurlandi, Norðausturlandi, Norðvesturlandi, Vestfjörðum og á Miðhálandi. Árið 2008 fór síðasti sýnatökuleiðangurinn fram og var í þetta skiptið safnað sýnum úr hálandistjörnum í Þúfuveri, Orravatsrústum og á Ófeigsfjarðarheiði. Auk þess var sýnum safnað úr láglandistjörnum innan fuglafriðlandsins í Flóa og í Skagafirði. Einnig hefur upplýsingum um gróðurfar og

fuglalíf á tjarnasvæðunum verið safnað. Náttúrustofan hefur alfarið séð um gagnasöfnun vegna fuglalífs.

Náttúrustofan tók að venju þátt í leiðangrinum árið 2008 auk þess að vinna úr krabbadýrasýnum sem safnað var. Rannsóknaverkefnið er unnið í samstarfi við dr. Jón S. Ólafsson, Veiðimálastofnun, Gróu Valgerði Ingimundardóttur, Náttúrufræðistofnun Íslands og dr. Gísla Má Gíslason, Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Verkefnið hlaut styrk frá rannsóknasjóði RANNÍS árið 2006.



Gísli Már Gíslason og Karólína Einarsdóttir við sýnatökur á Ófeigsfjarðarheiði

(mynd: Jón S. Ólafsson)

## Landnám brandanda á Melrakkaslétu

Sumarið 2008 stóð Náttúrustofan fyrir því að landnám brandanda *Tadorna tadorna* yrði kannað á Melrakkaslétu. Brandendur eru nýlega farnar að verpa á Íslandi en fyrsta staðfesta varp tegundarinnar hér á landi var á Gáseyri við Eyjafjörð árið 1990. Á Norðausturlandi var auk Gáseyrar vitað um brandandavarp á Melrakkaslétu en engin skipulögð úttekt hafði þó verið gerð á fjölda varpfugla. Unnið var í samstarfi við Guðmund Örn Benediktsson, fuglaáhugamann á Kópaskeri, sá hann um athuganir.



Brandönd (*Tadorna tadorna*)

(mynd: Yann Kolbeinsson)



## Vöktun vatnafugla og lífríkis vatna

Fylgst er með ástandi vatnafugla á votlendissvæðum í Þingeyjarsýslum, utan Mývatns og Laxár. Náttúrustofan hefur talið vatnafugla á Vestmannsvatni og nærliggjandi vötnum í Aðaldal og Reykjadal frá árinu 2004 og var því talið í fimmta skiptið á þessum vötnum. Votlendissvæðin við Sand og Sílalæk í Aðaldal voru fyrst talin árið 2005. Árið 2007 bættust Víkingavatn og Skjálftavatn í Kelduhverfi við en fram að því hafði Náttúrustofnanastöðin við Mývatn (RAMÝ) talið á þeim. Unnið er í nánu samstarfi við RAMÝ að vöktun vatnafugla í Þingeyjarsýslum enda heldur stofnunin úti vöktun á vatnafuglum á Mývatni og Laxá. Meðal kafanda eru skúfendur langalgengastar á vöktunarsvæði Náttúrustofunnar en vorið 2008 sáust

867 steggir, flestir þeirra (372) á Víkingavatni. Duggönd er næstalgengust (169 steggir) og hrafnsönd þar á eftir (73 steggir). Af gráöndum sást mest af rauðhöfða (74 steggir), stokkönd (73 steggir) og urtönd (33 steggir). Flórigoði er hvergi eins algengur á landinu, utan Mývatnssveitar, og á votlendissvæðum Þingeyjarsýslna. Þetta árið töldust 223 sem er þó heldur minna en árin á undan. Munar þar mestu um 90 fugla fækkun á Víkingavatni.

Samhliða vöktun vatnafugla hefur flugnagildrum verið komið fyrir við vötnin frá árinu 2006. Litið er á þann hluta verkefnisins sem hluta af vöktun þessara vatna til framtíðar. Ekki hefur verið unnið úr þeim gögnum enn sem komið er.



Skúfönd (*Aythya fuligula*)

(mynd Yann Kolbeinsson)

## Farfuglavöktun

Náttúrustofan hóf að fylgjast með komu farfugla við Öxarfjörð vorið 2007 í samstarfi við Guðmund Örn Benediktsson, fuglaáhugamann á Kópaskeri. Guðmundur hefur fylgst náið með komutíma farfugla frá árinu 2001. Verkefnið er eitt af vöktunarverkefnum Náttúrustofunnar. Víðar á Íslandi er fylgst með komutíma farfugla, bæði af fuglaáhugamönnum og fræðingum sem er mikilvægt þegar kemur að því að skýra breytingar sem vart verður. Upplýsingar sem fást úr langtímaverkefni sem þessu geta hugsanlega gefið upplýsingar um breytingar á lífsháttum fugla vegna breyttra umhverfisaðstæðna s.s. hlýnunar jarðar.



Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*)

(mynd Yann Kolbeinsson)

## **Göngumynstur og hrygningastaðir laxa í Laxá í Aðaldal**

Sumarið 2008 vann Kristinn Ólafur Kristinsson að mastersverkefni sínu um göngumynstur og hrygningarstaði laxa í Laxá í Aðaldal. Merktir voru 60 laxar og fylgst með ferðum þeirra um sumarið. Rannsókninni er ætlað að svara (1) hvar riðastöðvar laxanna eru á vatnasvæði Laxár (2) hvers konar botngerð þeir velja til hrygningar, (3) hvort munur er á grófleika hrygningarbotns og dýpi eftir stærð laxa (4) hversu algengt viðkomandi undirlag er í Laxá og þverám hennar, (5) hvort munur er á stærð foreldra. Upplýsingar sem fást um ferðir fiskanna um árnar verða notaðar til að komast að því hvort (1) munur sé á hversu lengi fiskar stoppa við gönguhindranir, eftir stærð eða sjávaraldri, (2) hvort munur sé á hversu langt laxar ganga upp í árnar, eftir stærð eða sjávaraldri, (3), hvort munur sé á tíma frá því lax gengur í árnar og þar til hann leggst á hrygningarstað, eftir stærð eða sjávaraldri. Verkefnið hófst í júní 2008 og er unnið í samvinnu Náttúrustofu Norðausturlands, Veiðimálastofnunar, Veiðifélags Laxár og Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Það hefur notið styrks úr Fiskræktarsjóði.



Kristinn með merktan lax í Laxá

(mynd:Kristinn Ó. Kristinsson)



Merktur lax (*Salmo salar*)

(mynd:Kristinn Ó. Kristinsson)



Laxá í Aðaldal

(mynd:Kristinn Ó. Kristinsson)



## **Fuglalíf á fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3**

Náttúrustofan kannaði fuglalíf á rannsóknasvæði fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu sem mun liggja frá Blöndustöð til Akureyrar. Rannsóknin var unnin fyrir Landsnet í tengslum við umhverfismat fyrirhugaðra framkvæmda. Verkinu lauk með útgáfu skýrslu.



*Púfuttillingur (Anthus pratensis)*

(mynd: Yann Kolbeinsson)



*Fuglalíf kannað*

## **Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði virkjunar- veggar frá Húsavík að Þeistareykjum**

Náttúrustofan kannaði fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði virkjunarveggar frá Húsavík um Þeistareyki og suður Hólasand fyrir Þeistareyki ehf. Rannsóknin var gerð í tengslum við fyrirhugaða virkjun á Þeistareykjum. Lauk verkinu með útgáfu skýrslu.


## **Fuglalíf á framkvæmdasvæðum fyrir- hugaðs álvers að Bakka á Tjörnesi**

Náttúrustofa Norðausturlands kannaði fuglalíf á framkvæmdasvæðum fyrirhugaðs álvers að Bakka á Tjörnesi. Rannsóknin var unnin fyrir Alcoa og beindist að álverslóð og svæði undir fyrirhugaðar vinnubúðir. Gagnasöfnun fór fram sumarið 2007 en skýrslugerð lauk í febrúar 2008.



*Spói (Numenius phaeopus)*

(mynd: Yann Kolbeinsson)



*Kópasker*

## **Farfuglar í fjörum í nágrenni Bakka á Tjörnesi að vori.**

Að tillögu Náttúrustofu Norðausturlands óskaði Alcoa eftir því að Náttúrustofan rannsakaði fuglalíf á fjörusvæðum í nágrenni Bakka á Tjörnesi á farti. Megintilgangur rannsóknarinnar var að kanna mikilvægi fjörusvæða fyrir farfugla og lýsa því hvaða fuglar nýttu sér fjöruna. Rannsókn þessi var hluti af umhverfismati fyrirhugaðs álvers á Bakka og lauk henni með útgáfu skýrslu.



Rauðbrystingar (*Calidris canutus*)

(mynd: Yann Kolbeinsson)



Bakkaá

(mynd: Jón S. Ólafsson)

## **Lífriki Bakkaár, Reyðarár og Hallbjarnarstaðaár.**

Náttúrustofan tók að sér, í samvinnu við Veiðimálastofnun, rannsóknir á vatnalífi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka. Skoðað var vatnalíf í Bakkaá og Reyðará á Tjörnesi en þær ár verða fyrir beinum áhrifum vegna álversframkvæmda. Hallbjarnarstaðaá á Tjörnesi var höfð til viðmiðunar en hún er utan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Rannsóknin náði til þörungna, smádyra og fiska og var unnin fyrir Alcoa. Framvinduskýrslu var skilað í lok árs 2008 en verkinu var ólokið í árslok.



Lundar (*Fratercula arctica*)



## **Fjörulíf í nágrenni Bakka á Tjörnesi**

Náttúrustofan kannaði fjörulíf í nágrenni Bakka á Tjörnesi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs álvers við Bakka. Rannsóknin náði til þörungunga og smádýra við Bakkahöfða, norðanverðan Héðinshöfða og í Eyvík. Til samanburðar var fjörulíf við Voladal á Tjörnesi skoðað, sem er utan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Framvinduskýrsla var skilað í lok árs 2008 en verkinu var ólokið í árslok.



*Starfsmaður Náttúrustofunnar við rannsóknir á fjörulífi*

## **Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs**

Í ágúst 2008 hófst vinna Náttúrustofu Norðausturlands við gerð verndaráætlunar fyrir norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Verndaráætlun er stefnumótandi áætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð þar sem meðal annars eru sett fram markmið um verndun auðlinda þjóðgarðsins, innra skipulag, útivist, ferðaþjónustu og aðra landnotkun í þjóðgarðinum. Vatnajökulspjóðgarður var stofnaður með reglugerð þann 7. júní 2009.

Þjóðgarðinum er skipt upp í 4 rekstrarsvæði, norður, austur, suður og vestur. Á hverju svæði starfar svæðisráð sem er stjórn Vatnajökulspjóðgarðs og þjóðgarðsverði viðkomandi svæðis

til ráðgjafar. Svæðisráðin eru jafnframt ábyrg fyrir gerð tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði. Svæðisráð Norðursvæðis samdi við Náttúrustofu Norðausturlands um vinnu við verndaráætlun norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Náttúrustofa Austurlands vinnur tillögu að verndaráætlun austursvæðis og Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði vinnur tillögu að verndaráætlun suður- og vestursvæðis þjóðgarðsins. Náttúrustofa Norðausturlands hefur jafnframt haldið utan um samræmingarþátt vinnunnar en náið samstarf stofnananna um verkefnið er nauðsynlegt. Náttúrustofan stefnir á að ljúka sínum hluta vinnunnar um áramótin 2009-2010.



*Böðvar Pétursson, Hjörleifur Finnsson og Bergþóra Kristjánsdóttir (í bakgrunni) við Öskjuvatn*



### Námskeið í útikennslu

Náttúrustofan stóð fyrir tveggja daga námskeiði í útikennslu að hausti í samstarfi við Sigrúnu Þórólfsdóttur kennara við Borgarhólsskóla. Námskeiðið var haldið við Borgarhólsskóla á Húsavík og var sótt af kennurum á starfssvæði Náttúrustofunnar, allt frá Eyjafirði til Þórshafnar. Þátttakendur voru 12 talsins.



Frá útikennslunámskeiði



Snæþór Aðalsteinsson starfsmaður í þjálfun

### Starfsmaður í þjálfun

Á atvinnuþemadögum Öxarfjarðarskóla, dagana 22.-23. maí, fékk Náttúrustofan til sín upprennandi fuglafræðinginn Snæþór Aðalsteinsson í starfskynningu. Snæþór tók þátt í fuglatalningum og fuglamerkingum og gaf föður sínum Aðalsteini Snæþórssyni, starfsmanni Náttúrustofunnar, ekkert eftir.



Rjúpuungi (*Lagopus muta*)



## Fræðsluerindi SNS

Samtök náttúrustofa standa fyrir mánaðarlegum fræðsluerindum yfir vetrartímann. Stofurnar skiptast þar á að halda fræðsluerindi í hádegi síðasta fimmtudag í mánuði. Þau eru send út víðs vegar um landið í gegnum fjarfundabúnað og eru öllum opin. Á starfssvæði Náttúrustofunnar er hægt að fylgjast með erindunum í þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík og í Háskólanum á Akureyri.

Á árinu 2008 voru erindin sex talsins þar af eitt frá NNA um fýlín í Jökulsárgljúfrum. Að meðaltal sóttu 43 einstaklingar hvert erindi vítt og breytt um landið.



Brandugla (*Asio flammeus*)

(Mynd:Yann Kolbeinsson)



Plöntuskoðun á degi hinna villtu blóma

## Dagur hinna villtu blóma

Á degi hinna villtu blóma í júní sáu Náttúrustofan og Vatnajökulsþjóðgarður sameiginlega um leiðsögn í gönguferð og plöntuskoðun sem farin var í Ásbyrgi. Þátttakendur voru 4 talsins.

## Heimasíða

Náttúrustofan heldur úti heimasíðu, [www.nna.is](http://www.nna.is), þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemina og náttúrufar á Norðausturlandi. Reynt er að uppfæra síðuna eins og kostur er með fréttum og fróðleik.



Tjörneslögin



Slímsveppurinn *Amaurochaete atra* (Alb. & Schwein.) Rostaf.



Sníkjuvespan *Rhyssa persuasoria*

## Greining framandi dýra

Árlega koma gestir með framandi lífverur til greininga á Náttúrustofunni. Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa reynt eftir megni að greina þau dýr sem komið hefur verið með en hafa þó oft þurft að leita aðstoðar hjá öðrum sérfræðingum. Einnig hefur fólk hringt þegar það verður vart við fugla sem það kannast ekki við og hafa starfsmenn reynt að aðstoða við greiningu í síma eða jafnvel farið á staðinn.


Árið 2008 barst Náttúrustofunni meðal annars eitthvað sem við fyrstu sýn virtist vera sveppur. Sá hafði hreiðrað um sig í þakskeggi húss á Húsavík. Meintur sveppur var sendur til Guðríðar Gyðu Eyjólfsdóttur sveppafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands til greiningar. Reyndist þar um sjaldséðan slímsvepp að ræða, *Amaurochaete atra* (Alb. & Schwein.) Rostaf. sem í raun telst ekki til sveppa heldur frumvera. Slímsveppur þessi hefur einungis fundist tvisvar áður hér á landi, í fyrra skiptið á furu í Grundarreit í Eyjafjarðarsveit árið 1980 og það seinna á furu í Kjarnaskógi árið 2000.

Að auki bárust stofunni 5 smádyr til greiningar: tvö fiðrildi, ein könguló, ein grápadda og sníkjuvespa.

## Fuglamerkingar

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með merkingum fugla á Íslandi. Starfsmenn Náttúrustofu Norðausturlands hafa leyfi til þess að merkja fugla og hafa þeir sinnt því með störfum sínum þó ekki hafi verið um kerfisbundnar merkingar að ræða fram að þessu. Sumarið 2008 voru nokkrir flórgoðar merktir við Víkingavatn en þeir hafa lítið verið merktir hér á landi. Þá merktu starfsmenn Náttúrustofunnar einnig vaðfuglaunga á Núpskötlu.

Önnur aðkoma Náttúrustofunnar að fuglamerkingum er vegna endurheimtra fuglamerkja en sífellt færast í aukana að fólk skili fuglamerkjum til Náttúrustofunnar. Stofnunin hefur enda hvatt fólk til þess á vefsíðu sinni um leið og sagðar hafa verið sögur af merktum fuglum á Norðausturlandi. Náttúrustofan tekur við merkjum og upplýsingum um þau og kemur þeim áfram til Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Merktur flórgoði (*Podiceps auritus*)

## **NEED verkefnið**

Náttúrustofa Norðausturlands tekur þátt í fjögurra þjóða samstarfsverkefni sem skammstafað er NEED en það stendur fyrir Northern Environmental Education Development. Á íslensku hefur það verið kallað „uppbygging náttúruskóla og umhverfismenntar á norðurslóðum“. Auk Íslendinga taka Finnar, Norðmenn og Írar þátt í þessu verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að miðla þekkingu um umhverfi og náttúru friðlýstra svæða til ferðamanna, nemenda og annarra sem sækja svæðin heim eða búa í nágrenni þeirra. Á Íslandi er verkefnið miðað við

Vatnajökulsþjóðgarð og nágrenni hans.

Hlutur náttúrustofunnar er að sjá um og þróa útikennslunámskeið sem haldin verða í Jökulsárgljúfrum. Námskeiðið er ætlað kennurum og verður áhersla lögð á miðlun jarðfræði svæðisins. Námskeiðið verður að verulegu leyti verklegt þar sem þátttakendur munu þjálfast í aðferðum við útikennslu og verður leitast við að koma hugmyndafræði og kostum útikennslunnar að í gegnum þá vinnu. Árið 2008 tók Náttúrustofan m.a. þátt í ráðstefnu sem haldin var á Íslandi auk ýmis konar samráðs- og þróunarvinnu.



*Gljúfrastofa. Frá NEED ráðstefnu sem haldin var á Íslandi í október 2008*

*(Mynd: Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir)*

## **Þróunarvinna**

Árið 2008 kom Náttúrustofan að vinnu við gerð stefnumótunaráætlunar í ferðaþjónustu á Norðausturlandi. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga stýrir þeirri vinnu. Hefur framlag Náttúrustofunnar einkum falið í ráðgjöf varðandi uppbyggingu í náttúrutengdri ferðaþjónustu, einkum fuglaskoðun.

Náttúrustofan tók m.a. þátt í námssmiðju í náttúrutengdri ferðaþjónustu sem Atvinnuþróunarfélagið stóð fyrir í Mývatnssveit, 6. maí 2008. Starfsmaður Náttúrustofunnar hélt þar fyrirlestur um fuglaskoðun í Þingeyjarsýslum auk þess sem farið var með þátttakendur í fuglaskoðun.



*Snjótittlingur (Plectrophenax nivalis)*

## Náttúrustofur

Samtök náttúrustofa (SNS) er samstarfsvettvangur náttúrustofanna sjö sem starfa vítt og breitt um landið. Samtökin héldu ársfund sinn í Stykkishólmi þann 26. september 2008. Samhliða ársfundi, þar sem fjallað var um innri mál SNS, var haldið árlegt Náttúrustofuþing í Grundarfirði þar sem náttúrustofur kynntu starfsemi sína. Er þetta í fjórða skiptið sem slíkt þing er haldið í tengslum við ársfund félagsins.



Frá Náttúrustofuþingi SNS 2008

(Áslaug Lárusdóttir)



Hverasvæði í Vonarskarði - úr vettvangsferð í Vatnajökulsþjóðgarð



Súla (*Morus bassanus*) í Skoruvíkurbjargi

## Aðrar stofnanir

Náttúrustofan á í góðu samstarfi við ýmsar rannsóknastofnanir. Má þar nefna Náttúrufræðistofnun Íslands, Líffræðistofnun Háskólans og Veiðimálastofnun en nánar er greint frá samstarfi við þessar stofnanir í verkefnaumfjöllun hér að framan. Einnig á Náttúrustofan í margvíslegu samstarfi við þær stofnanir sem deila með henni húsnæði, þ.e. Þekkingarsetur Þingeyinga, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Húsavík og Heilbrigðisfirlit Norðurlands eystra.



Porkell Lindberg Þórarinnsson (2008). *Fuglalíf á framkvæmdasvæðum fyrirhugaðs álvers að Bakka á Tjörnesi*. Skýrsla unnin fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA08001

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson (2008). *Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði virkjunarveggar frá Húsavík að Þeistareykjum*. Unnið fyrir Þeistareyki ehf. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA08002

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson (2008). *Fuglalíf á fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3*. Unnið fyrir Landsnet. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA08003

Porkell Lindberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson (2008). *Farfuglar í fjörum í nágrenni Bakka á Tjörnesi að vori*. Unnið fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA08004

Jón S. Ólafsson, Friðþjófur Árnason, Guðni Guðbergsson, Sesselja Guðrún Sigurðardóttir og Þorkell Lindberg Þórarinnsson (2008). *Lífriki Bakkaár, Reyðarár og Hallbjarnarstaðaár. Framvinduskýrsla 12.12.2008*. Umverfisrannsóknir vegna mats á álveri við Bakka á Tjörnesi, unnið fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA08005

Björgvin Rúnar Leifsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson (2008). *Fjörulíf í nágrenni Bakka á Tjörnesi. Framvinduskýrsla 22.12.2008*. Umverfisrannsóknir vegna mats á álveri við Bakka á Tjörnesi, unnið fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA08006

Porkell Lindberg Þórarinnsson (2008). *Náttúrustofa Norðausturlands*. Náttúrufræðingurinn 76: 139-140.



*Tungulending á Tjörnesi*

Porkell Lindberg Þórarinnsson. *Þingeyjarsýslur: einstakt svæði til fuglaskoðunar*. Erindi flutt á námssmiðju í náttúru-  
tengdri ferðabjónustu 6. maí 2008.

**Jón S. Ólafsson**, Groa Valgerður Ingimundardóttir og Sesselja Gudrun Sigurdardóttir. *Macroinvertebrate assemblages  
in lava formed ponds in NE Iceland*. Erindi flutt á 3rd European Pond Conservation network Workshop, Valencia, 14-  
16 May 2008.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. *Áhugaverðir fuglar og staðir til fuglaskoðunar í Þingeyjarsýslum*. Erindi flutt í Hvala-  
safninu á Húsavík á fræðslu- og skemmtidegi ferðabjónustunnar 2. júní 2008.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. Málstofa um útikennslu á sameiginlegum starfsdegi kennara í Þingeyjarsýslu, haldin í  
Hafralæk 20. ágúst 2008.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. *Á mörkum láðs og lagar - Sjófuglabýggðir við Skjálfanda*. Erindi flutt á Vísindakaffi á  
vegum RANNÍS í Hvalasafninu 23. september 2008.

Ingvar Atli Sigurðsson, Jón Ágúst Jónsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sveinn Kári Valdimarsson, Porkell Lindberg  
Þórarinnsson, Þorleifur Eiríksson og Þorsteinn Sæmundsson. *Starfsemi náttúrustofa*. Erindi flutt á Náttúrustofuþingi í  
Grundarfirði 26. september 2008.

Kristinn Ólafur Kristinsson og Guðni Guðbergsson. *Far og riðasvæði laxa í Laxá í Aðaldal*. Erindi flutt á Náttúrustofu-  
þingi í Grundarfirði 26. september 2008.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Management Planning for Vatnajökull National Park*. Erindi flutt á NEED ráðstefnu 21.  
október 2008 á Húsavík.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. Nature Schools in NE Iceland. Erindi flutt á NEED ráðstefnu 21. október 2008 á Húsavík.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. *Fyllinn í Jökulsárgljúfrum*. Fjarfundarfyrirlestur í fræðsluerindaröð Samtaka náttúrustofa  
30. október 2008.





Náttúrustofa  
Norðausturlands